

# FORM OG JAFNVÆGI

Søren West og  
Sigurjón Ólafsson

Sýning í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar  
1. júní – 14. september 2025

## Samtal við Sigurjón

Eitt af því furðulega við myndlistina er hvernig hún nær að tengja okkur þvert á tíma og rúm. Auðvitað er hér um einhverjar ýkjur að ræða, en samt finnst okkur óhugsandi að helstu bókmenntajöfrar



Sigurjón Ólafsson:  
Geðklofi / Schizophrenia  
LSÓ 112

fyrir og nú séu ekki í eins konar skriflegu sambandi með verkum sínum þvert á tímans þunga nið – sömuleiðis að helstu tónskáld sögunnar séu ekki í nánum tengslum við verk forvera sinna. Það er engu líkara en hugmyndir og andagift séu frjáls og fljótandi fyrirbæri sem þróast bæði nær og fjær og þvert á tímann. Það er eins og tíma-laust forðabúr af fegurð standi mönnum opið þar sem er að finna heim uppfullan af áköllum og svörum, hljóðum, birtu og skáldskap – ásamt með litum og formum.

Fjarstæða, mundu einhverjir segja. Þróunin er alltaf í aðra áttina: Eldri listamenn hafa áhrif á þá yngri, fornaldarlistin setur mark á nútímann. Allt um það er oft eins og við séum í miðjum margradda kór. Blómstrandi og fjölær arfleifð okkar er ekki bara eins og safamikið tré, heldur minnir hún meira á skóg, þar sem lágradda hvísl, kveðandi, köll og bergmál af bergmálum renna saman og mynda ófyrirsjáanleg blæbrigði og hljóma.

Orðagjálfur? Tilgerð?

Má vera. Alltént gott tilefni til að skýra hvernig núlifandi myndhöggvari skynjar næstum bróðurleg tengsl við látinn starfsbróður, sem er honum 55 árum eldri og hann náði aldrei að hitta. Í hinu stóra samhengi heimslistarinnar eru 55 ár enginn tími. Myndhöggvararnir tveir tilheyra sama tímabili og róa báðir í sömu átt,

ef svo má segja. En samt ekki. Ekki endilega. Því báðir myndhöggvararnir lifa og hafa lifað mikla uppbrotatíma og miklar breytingar á umhverfi listanna. Tímabil sem einkennist af nýfíkni, þar sem frumleiki og einstaklingsbundin sérkenni hafa haft vinn-inginn á einbeitingu og framþróun, stundum á kostnað gæða, hvernig sem maður annars skilgreinir þau fyrirbæri. Tímabil þar sem margir listamenn líta á sjálfa sig sem svífandi í lausu lofti, fremur en standandi föstum fótum á herðum fyrri kynslóða.



Sigurjón Ólafsson:  
Samstæða / Composition  
LSÓ 059

Hvað er það þá á þessum óvissu-tímum sem myndar samhljóminn í verkum þessara tveggja listamanna – Sigurjóns Ólafssonar og mínum?

Það má svo sem vel vera að hin-um megin grafar frábiðji Sigurjón sér að vera þátttakandi í þessari um-ræðu. En þar sem ég er ónæmur fyrir röddum að handan, þá langar mig að skýra hvað ég á við.

Þá ber fyrst að nefna að í dag, á fyrstu áratugum 21. aldar, er ég að vinna með nokkurn veginn sama efnivið og sömu verkfæri, og nota sömu aðferðir og Sigurjón Ólafsson gerði fyrir um það bil hálfri öld.

Svo er það sú einfalda staðreynd að hvorugur okkar heyrir til þeim

hópi listamanna sem gefur sig út fyrir að vera áskrifandi að skilyrðislausum og sjálfstæðum frumleika. Ég sé ekki betur en við séum báðir meðal þeirra myndhöggvara sem líta á rótgróin tján-ingarform sígildrar myndlistar sem meginforsendu listsköpunar, og í því samhengi eru möguleikar og takmörk efniviðarins hinar eiginlegu forsendur allrar framþróunar og tilraunastarfsemi.

Þar er líka um að ræða ákveðið samhengi. Myndmál okkar og tjáning eru hliðstæð og framsetningin er hluti af stærra samtali á keimlíkum nótum, þótt áherslur beggja séu mjög persónulegar og hver um sig noti eigið tungutak.

Í aðdraganda sýningarinnar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar kynnti ég mér megnið af þeim verkum sem eftir hann liggja. Út af fyrir sig er auðvelt að nálgast þessi verk; á heimasíðu safnsins er að finna ítarlega skrá og lýsingu á þeim. Einnig hafa verið gefnar út margar prýðilegar bækur um listamanninn, meðal annars ritið „Sigurjón Ólafsson – Ævi og list“ sem inniheldur fjölda ágætra ljósmynda og lýsinga á verkunum.



Søren West:  
Frjónál / Sprout

Pegar við gaumgæfum þessi rit verður okkur ljóst að í myndlist sinni var Sigurjón bæði leitandi og léttleikandi, sem gefur verkum hans og túlkun mikið umfang. Tímabil manna-mynda með klassísku sniði taka við af, eða renna saman við, tímabil þar sem óhlutbundin og táknækin verk verða ofan á. Granít vikir fyrir tré, málm og öðrum efnivið.

Tvennt til viðbótar rann upp fyrir mér við yfirferð: Sérkenni Sigurjóns sem myndhöggvara, það „meistaralega“ við verk hans, birtast í völdum verkum og mynda „rauða þráðinn“ í listsköpun hans, og gildir þá einu hvaða efnivið hann er með undir og hvort verkin eru hlutbundin eða óhlutbundin. Segja má að í verkum Sigurjóns sé manneskjan alltaf í fyrirrúmi með einum eða öðrum hætti. Þetta á einnig við óhlutbundin verk hans; þau fjalla öll um fólk og innbyrðis tengsl þess. Hér erum við ekki að tala um ákveðna hollningu á mönnum, mannsækið líkingamál eða líkamleg tilbrigði, heldur vísan listamannsins til óráðari þátta á borð við hreyfingu, innbyrðis togstreitu ólíkra eininga, huglægs ástands, allt þetta er svo kryddað með örsögum, óvæntum vendingum eða stríðnislegum útúrdúrum.

Kannski er það hér sem ég finn fyrir venslum okkar Sigurjóns. Þá erum við að tala um myndheim sem grundvallast á ró og yfirvegun samstilltrar myndbyggingar um leið og hann er opinn fyrir ákveðinni formrænni upplausn, til að mynda skörpum andstæðum, uppnámi í framvindunni, óvenjulegu inngrípi, grínaktugum tilburðum og óhefðbundinni meðferð efnisins.

Sjálfur vinn ég yfirleitt með „aðskiljanlegar þrívíddareiningar“ sem komið er fyrir í opnu rými þar sem fjarlægðin milli eininga og innbyrðis jafnvægi þeirra, skyggni og birta, efniviðurinn og frágangur hans, mynda ákveðna heild. Og í óhlutbundnu verkunum sem ég geri reyni ég alltaf að tæpa á þáttum eins og látbragði, leik, innbyrðis valdabaráttu hlutanna og svo tilfinningum, hvernig við skynjum andstæðurnar nær/fjær, viðkvæmni/hörku, og svo framvegis. Stöku sinnum bý ég einnig til myndrænar örsögur og set þær á svið.

Út frá öllum þessum forsendum reyndist mér ekki erfitt að velja verk eftir Sigurjón fyrir þessa samsýningu okkar án þess að sniðganga alveg höfuðverk hans sem sjá má að staðaldri í og umhverfis listasafn hans.

Valið beindist að léttari og opnari verkum Sigurjóns, ekki steinmyndum hans. Einhverjum kann að þykja það undarleg ákvörðun, þar sem dálæti okkar á grjóti er eitt af því sem við Sigurjón eigum sammerkt.

En valið gefur mér tækifæri til að stofna til áhugaverðs samanburðar. Mér gefst tækifæri til að bera saman, annars vegar opin og létt verk Sigurjóns, og hins vegar þungu og grófu verkin sem ég meitla í stein.

Ég vona að þessi samanburður staðfesti einmitt keimlík viðhorf Sigurjóns og mín, eins og þau koma fram í óhefðbundnum skúlptúreiningum mínum, og að þessi sömu viðhorf séu það sem sameinar okkur sem myndhöggvara, og styrkja samtalið sem hér fer fram.

Samtal sem aldrei átti sér stað í raunheimi.



Søren West:  
Hjónabandsráðgjöf /  
Couples Therapy

## A Dialogue with Sigurjón Ólafsson

One of the extraordinary aspects of the visual arts is how they manage to connect us diagonally across time and space. Of course there's a certain amount of illusion involved, yet we find it unthinkable that the greatest writers, past and present, are not continually corresponding with each other through their work; likewise that the greatest composers of all time are not intimately aware of each other's work. It is as if ideas and inspiration exist as vaporous entities, able to evolve both close to us and far away from us and across the confluence of time. It is as if a timeless

treasure chest of aesthetic delights is accessible to us, where you discover a world full of questions and answers, cries and whispers, light and poetry, shapes and colours.

Absurd, some would say. Isn't evolution always one-way, namely older artists working their magic on the young, the art of the antique inspiring the present? Yet sometimes it feels as if we are in a multiverse of voices. Our blossoming legacy can not only be compared to a fecund tree; it is actually more like a forest, where we find ourselves surrounded by faint whispers, songs, shouts and multiple echoes.



Sigurjón Ólafsson:  
Cocks / Hanar LSÓ 108

Balderdash? High-falutin twaddle?

Well, perhaps there is a little of that. But nevertheless it allows us to explain how a living sculptor is able to experience a fraternal connection with a late 55 years older colleague, whom he never met. In the large scheme of things, 55 years are but a moment. The two sculptors are of the same artistic period, and

are heading in the same direction. But not in tandem. Not quite.

Because both these sculptors experience and have experienced periods of upheaval and changes in the universe of art. Periods of frantic quest for novelty, where the idea of originality and the personal ‘touch’ have superseded the idea of profundity and progress, often to the detriment of quality, no matter how you choose to define that elusive phenomenon. We are seeing periods when some artists seem to think of themselves as freely floating, instead of standing firmly on the shoulders of their artistic forebears.

What is it then, in these times of uncertainty, that creates the harmony that these two artists, Sigurjón Ólafsson and I, are privy to? Here is where we may expect Sigurjón to interject, from his grave: “Please, leave me out of this”. But since I am immune to such interjections, I’d like to explain what I mean.

Firstly, at this time in the 21st century, I am working more or less with the same materials, using the same tools and methods as Sigurjón did, about half a century ago. Then there is the indubitable fact that neither of us is the kind of artist who claims for himself unconditional and irrefutable originality. As I see it, we both regard the artistic heritage and formal language of classic art as the cornerstones of our own creative endeavours, allowing the possibilities and the limitations of the material at hand to dictate our progress and experimentation.

In any case there is a context. Our visual languages and expressions are analogous, and our means of execution are a part of the same creative conversation, though we both speak in different artistic dialects.

Whilst preparing for this exhibition in the Sigurjón Ólafsson Museum, I studied the bulk of Sigurjón’s work. They are very ac-



Søren West:  
Fleurs du mal / Blóm hins illa

cessible; the museum has a thorough and informative home page, and there are also a number of books on the artist, notably the two volumes monograph 'Sigurjón Ólafsson – Life and Art' which includes a lot of photographs and analyses of his works.

While going through these publications we see clearly that Sigurjón is the kind of artist who never tires of experimentation and sheer play, which gives his overall output and expression a great range. Periods of classic, figurative statuary follow, and overlap with, periods characterized by non-objective and free form compositions with vaguely symbolic content. Stone is interspersed with wood, metals and other light materials.



Søren West:  
Cause for worry / Áhyggjuefni


Two things also struck me. The particular quality of Ólafsson's work, his 'master's touch', if you like, comes out in individual compositions and creates the overriding theme of his life's work, irrespective of the materials he uses and whether he is working with figures or abstract elements. It's partly that the figuration never really ceases to matter. No matter whether the compositions seem to be shaking off every figurative marker, they are always 'about' human beings and their inter-

relations. It's not a question of postures, likenesses and truth to anatomy, but of subtle movements, balancing of individual elements, states of mind, storytelling of sorts and staging, procedures that are more often than not teeming with mischievousness, even outright humour.

Maybe it is precisely here that I feel the strongest affinity with Sigurjón's work. We both pay court to a particular sculptural tradition, which is predicated on a time-hallowed classical discipline, based on a measured and harmonious relation of elements, while at the same time allowing for a certain amount of disruption: sudden formal reversals, irregularities, audacious combinations of materials, even flashes of humour.

I tend to work with ‘irregular groups of sculptural elements’, which I place in open spaces, where distances between pieces or their intrinsic balance, the open sky and quality of light, the materials I choose and their treatment all come together and form a coherent whole. In my non-objective pieces I nearly always take into consideration elements such as human gestures and poses, interpersonal power struggles, as well as emotional factors, the way we process human intimacy or lack of it, and so on. Sometimes I even indulge in some storytelling.

All things considered, it was not difficult to pick out the pieces by Sigurjón that I wanted to show alongside mine, without bypassing his greatest works, which are permanently on show in and around his museum.




*Sigurjón Ólafsson:*  
*Arctic Tern / Kría LSÓ 112*

My choice was limited to Sigurjón's lighter and transparent works, not the works that he sculpted out of stone. Some will think of it as a surprising choice, given that it is our love of stone that chiefly unites us as sculptors.

But this choice allows me to set up an interesting comparison. I will have the opportunity of contrasting Sigurjón's lighter and transparent works with my own massive and rough-hewn pieces, in the hope that the encounter affirm our common legacy, as it is manifest in my idiosyncratic groups of sculptures, and in so doing render more substantial the unusual conversation between our works that this exhibition presents.

A conversation that in reality never took place.



**Søren West** fæddist í Kaupmanna höfn 1963 og nam við Listaakademíð á Fjóni á árunum 1983–1988 og síðan Studio Corsanini í Carrara á Ítalíu. Frá 1995 hefur hann búið og unnið í Egeskov Mølle á Suður- Fjóni. Hann er félagi í BKF (Billedkunstnernes Forbund), Dansk Billedhuggersamfund og Félagi Suður-Fjónskra listamanna og hann var þátttakandi í vinnustofunni *Gæsteatelier Hollufgaard* í Óðinsvéum. Søren hefur haldið fyrirlestra og námskeið í dönskum framhaldsskólum og tvívegis hefur hann verið forstöðumaður höggmyndadeildar

Listaskólans í Svendborg. Hann hefur haldið fjölmargar sýningar, staðið að ýmsum skúlptúrverkefnum heima fyrir og erlendis, og talið er að 118 skúlptúra eftir hann sé að finna á opinberum stöðum, flestir þeirra eru í Danmörku, en einnig á Ítalíu og í Þýskalandi.

Søren West vinnur mest með granít og marmara og skeytir oft bronsi, stáli eða tré við steininn. Í verkum hans má finna fagurfræðilegar og kraftmiklar vangaveltur um jafnvægi og andstæður efnis og áferðar.

**Søren West** was born in 1963 in Copenhagen. In 1983–1988 he studied at the Academy of Fine Arts Odense and furthered his studies at the Studio Corsanini in Carrara, Italy. Since 1995 he has lived and worked in Egeskov Mølle in Fyn, Denmark. He is a Member of the Artists' Association Denmark, the Danish Sculptors Society and the workshop *Gæsteatelier Hollufgaard* in Odense. He has given lectures and courses at many Danish schools and a variety of high-schools. He was the leader of the sculpture institute at Svendborg Art School, in 1992–1996 and 2000–2001. Since 1986 he has held numerous exhibitions and sculpture projects in Denmark and abroad.

Søren West mainly works with granite and marble, frequently combined with bronze, steel or wood. His works explore aesthetic and dynamic statements in relation of balance, distance and contrast between and within the materials and surfaces used.



**Sigurjón Ólafsson** fæddist á Eyrarbakka 1908. Hann nam við Konunglega lista-akademíið í Kaupmannahöfn og dvaldi síðan í Danmörku fram yfir lok síðari heimsstyrjaldarinnar að hann flutti heim og settist að í Laugarnesi, þar sem hann vann að list sinni til æviloka. Í Danmörku var Sigurjón talinn einn meðal

þeirra merkustu listamanna. Hann var einn af brautryðjendum abstraktlistar á Íslandi auk þess að vera einn helsti portrettlistamaður sinnar samtíðar. Sigurjón lést í Reykjavík 1982. Heimili hans og vinnustofu var síðar breytt og þar er nú Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, sem hýsir höggmyndir og teikningar listamannsins ásamt heimildum um hann, og þar er miðstöð skráninga og rannsókna á list hans. Í safninu er fjölbreytt tónlistar- og menningarstarf auk sýninga á verkum hans og annarra listamanna.

**Sigurjón Ólafsson** (1908 – 1982) was born in Eyrarbakki, a village at the south coast of Iceland. He entered the Danish Royal Academy of Fine Arts in Copenhagen 1928, from which he graduated in 1935. In 1930 he was awarded the Gold Medal of the Academy and in 1938 he was awarded the honorable Danish Eckersberg Prize for the portrait *My Mother* (LSÓ 007), casts of which were immediately bought by leading museums in Scandinavia. He created his first completely abstract *Man and Woman* (LSÓ 1054) in 1939 which caused great controversy, but is now considered a sculptural landmark in Denmark where he was a part of the Danish avant-garde and known as a pioneer of spontaneous abstract sculpture. Sigurjón Ólafsson returned to Iceland in 1945 where he was commissioned to create numerous major projects. He leaves eighteen public monuments in Reykjavík alone, *Emblem of Iceland* (LSÓ 1278) at Hagatorg and *Throne Pillars* (LSÓ 1269) by the Höfði House perhaps being the best known. After he passed away his widow founded the Sigurjón Ólafsson Museum in their home and his former studio.

## Form og jafnvægi

Sýning á listaverkum Søren West og Sigurjóns Ólafssonar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar sem standur frá 1. júní – 14. september 2025.

Þá er safnið opið alla daga nema mánudaga milli 13 og 17.

Sumartónleikaröð Listasafnsins 2025 hefst 1. júlí og standur til 5. ágúst.

Henni er nánar lýst á heimasíðu safnsins [www.LSO.is](http://www.LSO.is)

Aðalsteinn Ingólfsson þýddi texta úr dönsku á íslensku og ensku.

Sýningin hefur hlotið styrk frá DANSK-ISLANDSK FOND.

## Form and Balance

Exhibition with works by Søren West and Sigurjón Ólafsson in the Sigurjón Ólafsson Museum, Reykjavík June 1st – September 14th 2025.

The Museum is open daily 1–5pm, except Mondays.

The weekly Museum's Summer Concert Series run from July 1st to August 5th. See further at [www.LSO.is](http://www.LSO.is).

English translation: Aðalsteinn Ingólfsson

DANSK-ISLANDSK FOND has supported the exhibition.

LSÓ númer einkenna öll listaverk Sigurjóns og einfalt er að leita eftir þeim í heildarskrá listaverka hans á netinu:

[www.LSO.is](http://www.LSO.is) → Listaverkskrá

eða með QR lyklinum hér til hliðar:



Sigurjón Ólafsson's *Catalogue Raisonné* is accessible at [www.LSO.is](http://www.LSO.is) or can be visited with this QR code:



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
Sigurjón Ólafsson Museum  
Laugarnestangi 70, 105 Reykjavík